

STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2008, fimmtudaginn 9. okt. var haldinn 289. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1 og hófst kl. 08:55.

Mættir: Benedikt Geirsson formaður, Sigurður Guðmundsson, Ingvar Jónsson og Egill T. Jóhannsson.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóra og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð seinasta fundar.
2. Rætt um deiliskipulagstillögur fyrir Bláfjöll og Skálafell.
Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að deiliskipulaginu skv. athugasemdum stjórnar.
3. Lagt fram bréf skipulagsstjóra Kópavogsbæjar dags. 17. sept. sl. þar sem óskað er eftir umsögn SHB um stækkun Ármannsskála í Sólskinsbrekku.
Stjórn SHB sér enga meinbugi á fyrirhugaðri framkvæmd svo fremi sem hún uppfylli alla viðeigandi byggingarstaðla og fái samþykki Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.
Stjórn SHB er sammála um að hennar hlutverk sé að ýta undir og styðja við grósku innan skíðadeildanna almennt.
4. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 9. okt. sl. um stöðuna í fjöllumum.
5. Næsti fundur verður haldinn í Bláfjöllum 13. nóvember kl. 09:00.

Fundi slitið kl. 10:15.

Benedikt Geirsson

Sigurður Guðmundsson
Egill T. Jóhannsson

Ingvar Jónsson